

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á útvarpslögum nr. 53/2000 og samkeppnislögum nr. 8/1993.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (BjarnB, ArnbS, JBjart, BÁ, SKK).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000:

a. 2. mgr. orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar þrjú menn í útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar en einn skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og skal varamaður formanns jafnframt vera varaformaður nefndarinnar. Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu uppfylla starfsgengis-skilyrði héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila eftir því sem hún telur þörf á.

b. Á eftir 3. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Útgáfa útvarpsleyfis er háð eftirfarandi skilyrðum:

a. Óheimilt er að veita leyfi til útvarps til fyrirtækis sem hefur að meginmarkmiði rekstur sem er óskyldur fjölmiðlarekstri. Einnig er óheimilt að veita útvarpsleyfi fyrirtæki sem er að meira en 5% í eigu fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði viðskipta. Þetta á þó ekki við ef ársvelta markaðsráðandi fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu á síðastliðnu reikningsári eða eftir atvikum síðastliðnum 12 mánuðum er undir tveimur milljörðum kr. Telja skal með veltu móður- og dótturfyrirtækja fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem markaðsráðandi fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan hefur bein eða óbein yfirráð yfir. Þá er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef annað fyrirtæki á meira en 25% eignarhlut í því. Sömuleiðis er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu eiga samanlagt meira en 25% eignarhlut í því. Jafnframt er óheimilt að veita fyrirtæki útvarpsleyfi ef það eða fyrirtæki í sömu fyrirtækjasamstæðu er útgefandi dagblaðs, á hlut í útgefanda dagblaðs eða það er að hluta eða öllu leyti í eigu slíks fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu.

b. Ákvæði a-liðar á einnig við ef á milli fyrirtækja eru önnur nán tengsl en samstæðutengsl sem leitt geta til yfirráða.

Með umsóknum um útvarpsleyfi skulu fylgja upplýsingar sem gera útvarpsréttarnefnd kleift að meta hvort skilyrðum 4. mgr. sé fullnægt og útvarpsréttarnefnd telur nauðsynlegar. Við mat á því hvort fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæða sé í markaðsráðandi stöðu skal útvarpsréttarnefnd leita álits Samkeppnisstofnunar.

Skylt er þeim aðilum sem útvarpsleyfi hafa að tilkynna útvarpsréttarnefnd um allar breytingar sem verða á eignarhaldi eða öðrum skilyrðum sem kveðið er á um í 4. mgr. Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað útvarpsleyfi ef breytingar verða á

eignarhaldi eða öðrum skilyrðum þannig að í bága fari við ákvæði 4. mgr. Þó skal veita leyfishafa frest í allt að 120 daga til að koma eignarhaldi eða öðrum skilyrðum í það horf að samrýmist ákvæðunum. Hafi eignarhaldi ekki verið komið í það horf að samrýmist ákvæðum laganna innan framangreindra tímamarka skal leyfishafa vera heimilt að krefjast úrskurðar viðskiptaráðherra um sölu viðkomandi eignarhlutar. Viðskiptaráðherra skal þá með úrskurði skylda hlutaðeigandi til að selja þann eignarhlut sem ekki er samrýmanlegur ákvæðum 4. mgr. innan mánaðar. Hafi sala þá ekki farið fram skal afhenda viðskiptaráðherra hlutabréfin eða skilríki fyrir eignarhlutnum ásamt undirrituðu söluumboði. Hann skal þá fela óháðu verðbréfa-fyrirtæki að selja þann eignarhlut sem um ræðir til aðila sem uppfyllir skilyrði laganna.

Útvarpsréttarnefnd getur vikið frá skilyrðum 4. mgr. ef um er að ræða leyfi til svæðisbundins hljóðvarps.

2. Við 2. gr. Við bætist fimm nýir málsliðir, svohljóðandi: Telji Samkeppnisstofnun að fyrirtæki kunni að vera í markaðsráðandi stöðu skal hún birta því greinargerð um málið sem nefnist frumathugun. Skal þar lýst helstu staðreyndum máls, meginskýringum Samkeppnisstofnunar og helstu niðurstöðum. Aðila skal veittur hæfilegur frestur til andmæla og skriflegra athugasemda og til að koma að gögnum. Að öðru leyti gilda ákvæði stjórn-sýslulaga, nr. 37/1993, um álitsgjöf Samkeppnisstofnunar. Niðurstæða Samkeppnisstofnunar sætir kærnu til áfrýjunarnefndar samkeppnismála skv. 9. gr. laga þessara.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2006.

Við gildistöku laganna skulu þeir sem löginn taka til hafa lagað sig að þeim kröfum sem löginn gera, þar á meðal um eignarhald.

Útvarpsréttarnefnd skal vera heimilt að afturkalla útvarpsleyfi þeirra sem hún telur ekki uppfylla 1. gr. laganna.
4. Ákvæði til bráðabirgða falli brott.